

Endurskoðun áhættustefnu 2015

Samkvæmt áhættustefnu stjórnar OR ber að endurskoða hana árlega. Eftirfarandi eru tillögur fjármálasviðs að breytingum vegna endurskoðunar 2015.

Kafli 1 Markmið stefnu

Í stað þess að nefna stefnuna *fjárstýringar –og áhættustefnu* þá stefnan nefnd *áhættustefna* með viðeigandi breytingum þar sem við á.

Kafli 2.1 Skilgreining

Fjárstýring er skilgreind sem hluti af áhættustefnu.

Kafli 2.2 Markmið

Markmið áhættustýringar breytt úr því að „*stefna að ásættanlegri afkomu félagsins*“ yfir í „*að draga úr sveiflum í afkomu samstæðunnar*“.

Kafli 2.2 Skipulag áhættustýringar

Í öðrum punkti er orðinu „*frammistöðu*“ bætt inn.

Kafli 2.5 Áhættuhandbók

Áhættustýring skipt út fyrir *fjármálasvið* í samhengi þess að skrifa og viðhalda áhættuhandbókinni ásamt gerð breytingatillagna fyrir áhætturáð.

Kafli 3 Skilgreiningar mynd

Undir rekstraráhættu er „*bilanir í dreifi, stjórn- eða eftirlitskerfum*“ tekið út og einfaldlega sagt „*bilanir*“ og „*náttúruhamfarir*“ skipt út fyrir „*náttúruvá*“.

Kafli 4 áhætturammi

Bætt við skýringu á áhætturamma fyrir ofan töflu:

„*Áhætturamminn tekur saman skilgreiningar, stýringu, mælingar og mörk fjármálasviðs á áhættum OR*“.

Áhætturammi, vaxtaáhætta

Mæling: Hliðrun vaxtaferla aukið úr +/- 100 bp yfir í +/-300 bp í samræmi við sögulegar sveiflur fljóttandi vaxta í evrum og dollar.

Mörk: Sjóðstreymisáhrif þrengd úr 10% í 5% af eigin fé.

Áhætturammi, álverðsáhætta

Mæling: Hliðrun álferils aukin úr +/- 10% yfir í +/- 20% í samræmi við sögulegar, árlegar raunsveiflur.

Mörk: Sjóðstreymisáhrif þrengd úr 10% í 5% af eigin fé.

Áhætturammi, hluta- og skuldabréfaáhættu

Stýring: „Ríkistryggðir pappírar“ **teknir út og texti verður** „Leitast við að takmarka áhættu við kjarnastarfsemi fyrirtækisins“.

Áhætturammi, lausafjáraáhætta

Mæling: Bætt við „Hlutfall sjóðsstöðu í álagsprófunum

Mörk: Hlutfall sjóðsstöðu >100% einnig við álagsprófanir

Áhætturammi, rekstraráhætta

Rekstraráhættu bætt inn í áhætturamma Orkuveitu Reykjavíkur, samantekt á rekstraráhættu í samræmi við skilgreiningar 8,9 og 10.

Áhætturammi, endurfjármögnunar- og lántökuáhætta

Endurfjármögnunar- og lántökuáhættu bætt inn í áhætturamma Orkuveitu Reykjavíkur í samræmi við skilgreiningu 13.

Áhætturammi, verkefna- og fjárfestingaáhætta

Verkefna- og fjárfestingaáhættu bætt inn í áhætturamma í samræmi við skilgreiningu 14.

Viðauki Skilgreiningar

Skilgreiningar á áhættu færðar í viðauka.

Breytingar á mælingum og mörkum í skilgreiningum gerðar í samræmi við breytingar í áhætturamma.